# Perform+ Bathroom

## Baðherbergjamálning

### Efnislýsing

Perform+ Bathroom er hálfgljáandi, vatnsþynnanleg málning til notkunar innanhúss á steypta veggi, gifs, byggingaplötur, o.fl. Perform+ Bathroom er ætluð til málunar á veggi og loft í eldhúsum, baðherbergjum, þvottahúsum, rýmum í sjúkrahúsum, matvæla-iðnaði og öðrum þeim rýmum þar sem krafist er mikils slitstyrks, þvottheldni og góðrar endingar. Perform+ Bathroom inniheldur mygluvörn og hentar því einstaklega vel í rökum rýmum.

Perform+ Bathroom er viðurkennd málning samkvæmt viðmiðunarstaðli MVK fyrir rými sem eiga að þola raka.




### Meðhöndlun

Óslétt undirlag skal spartla með Professional Våtrum. Til að fá sem besta viðloðun og þétt undirlag skal grunna ómálaða fleti og spartl með Perform+ Bathroom Primer. Málið (með nýjum rúllum) síðan tvær umferðir með Perform+ Bathroom.

Vatn má ekki koma nálægt máluðum flötum fyrr en eftir sjö daga. Málið ekki ef hitastig er undir +10 °C.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Tegund:** Akrýl
**Gljástig:** 30%
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 2 klst.
**Yfirmálun:** 5 klst.
**Hiti við málun:** minnst +10°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur
**Þekja:** 6-8 fermetrar pr. lítra
**Pakkningar:** 1, 2,5, og 10 lítra
**Stofnar:** BW, BM
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/b) 100 g/l.): Inniheldur mest 2 g/l

Þessi gildi eiga við hvítt. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.